Nr. 13.
9.
sept.

# Lög

um

dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Með konunglegri tilskipun má fyrirskipa dag- og næturbendingar fyrir íslenzk skip, er í sjávarháska eru stödd.

Útgerðarmenn skipa, er eigi eru útbúin bendingatilfærum þeim, er skipað er fyrir um í slíkri tilskipun, sæta sektum, allt að 200 kr.

Sömu refsing sætir sá skipstjóri, er notar eða sýnir bendingar þessar á þann hátt, er skipum er boðið að gera í sjávarháska, án þess að gild ástæða hafi til þess verið, og er hann auk þess skyldur að greiða þeim skaðabætur, er beðið hafa tjón af slíkri vanbrúkun.

2. gr.

Þá er skip rekast á, er hvor skipstjóra skyldur til, að svo miklu leyti sem það er hættulaust fyrir skip hans, skipshöfn og farþega, að veita hinu skipinu, skipshöfn og farþegum, alla þá hjálp, sem í hans valdi stendur og nauðsynleg er til að koma þeim úr þeirri hættu, er af árekstrinum leiðir, og skýra skipstjóra þess frá nafni skips síns og heimili og frá þeim stað eða höfn, er það kemur frá og ætlar til.

Skipstjóri sá, er eigi hlýðir fyrirmælum þessum án gildrar ástæðu, skal talinn seekur í árekstrinum, nema annað sannist, og sætir fangelsi eða sektum, ekki lægri en 100 kr.

3. gr.

Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í landssjóð.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 9. september 1899.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Hørring.*

Nr. 13. Lög 9. september um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 13.
9. Septbr.

om

## Dag- og Natsignaler for islandske Skibe i Havsnød samt om Forholdsregler i Tilfælde af Skibes Sammenstød.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ved kongelig Anordning kan der foreskrives Dag- og Natsignaler for islandske Skibe i Havsnød.

Den Reder, hvis Fartøj ikke er forsynet med de ved saadan Anordning foreskrevne Signaleringsredskaber, straffes med Bøder indtil 200 Kr.

Samme Straf ifalder den Skibsfører, som uden gyldig Grund anvender eller viser de ommeldte Signaler paa den for Skibe i Havsnød foreskrevne Maade, hvorhos han er pligtig at yde Erstatning til dem, som ved saadant Misbrug maatte blive skadelidende.

§ 2.

Naar Skibe støde sammen, paaligger det enhver af Skipperne, saa vidt det kan ske uden Fare for eget Skib, dets Besætning og Passagerer, at yde det andet Skib og dettes Besætning og Passagerer al den Hjælp, som er mulig og fornøden til Frelse fra den ved Sammenstødet opstaaede Fare saa og for sammes Skipper at opgive sit eget Skibs Navn og Hjemsted saavel som Sted eller Havn, hvorfra det kommer, og hvortil det er bestemt.

Den Skipper, som uden gyldig Grund undlader at efterkomme disse Forskrifter, anses for at være Skyld i Sammenstødet, med mindre andet bevises, og straffes med Fængsel eller Bøder ikke under 100 Kr.

§ 3.

Sager angaaende Idømmelse af Straf efter denne Lov behandles som offentlige Politisager. Bøderne tilfalde Landskassen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 9de September 1899.**

---

**Ministeriet for Island, den 9de September 1899.**

*Hørring.*

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 13. Lov af 9. September om Dag- og Natsignaler for islandske Skibe i Havsnød samt om Forholdsregler i Tilfælde af Skibes Sammenstød.